

Stjórnarfundur FUM var haldinn mánudaginn 14. ágúst 2006 kl. 16:00 í fundarherbergi Félagsvísindadeildar í Odda.

Mætt voru: Guðný Guðbjörnsdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir, Amalía Björnsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsögn FUM um endurskoðun á leikskólalögum.
2. Félagsfundurinn 4. maí 2006, fundargerð og viðbrögð.
3. Starfið í vetur, næsti fundur
4. Önnur mál.

1. Umsögn FUM um endurskoðun á leikskólalögum.

Nefnd um endurskoðun laga um leikskóla nr. 78/1994 sendi félaginu bréf 26. júní sl. þar sem óskað var eftir afstöðu félagsins til eftirfarandi atriða:

* Hvað ætti að hafa að leiðarljósi við endurskoðunina með hliðsjón af aukinni samfellu og sveigjanleika í skólastarfi?

* Í ljósi reynslunnar af núgildandi lögum, hvaða þætti er talið brýnast að skoða við endurskoðunina.

Fundamenn ákváðu að verða við beiðni og var ákveðið að leggja áherslu á fræðsluskyldu 5 ára barna í leikskólum sem yrði gjaldfrjáls. Auk þess að stefnt yrði að því að taka upp fræðsluskyldu 3-5 ára barna í leikskólum sem þýddi að sveitarfélögum yrði skylt að bjóða börnum upp á leikskóla. Rætt var um að þótt mikilvægt væri að brúa muninn á milli leikskóla og grunnskóla væri einnig mikilvægt að halda í mun á vinnubrögðum þessara tveggja skólastiga, meðal annars með hliðsjón af álitum sem Þórdís Þórðardóttir, stjórnarmaður FUM, sendi inn á fundinn. Umræða fór fram um þann skort á þjónustu sem hefur verið viðvarandi gagnvart foreldrum ungra barna, þ.e. frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til börn komast á leikskóla. Stjórn FUM leggur því til að í lögum um leikskóla verði tekið skýrar á neðri mörkum leikskólans, upphaf hennar orðist því svona: „Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er frá því að lögbundnu fæðingarorlofi lýkur til 1. september það ár sem börn verða 6 ára.” Auk þess var fjallað um launamál leikskóla og skort á fagfólki. Loks var ákveðið að leggja áherslu á mikilvægi eflingar á rannsóknum og gæðamati á leikskólum. Fól fundurinn Guðnýju að skrifa bréf til nefndarinnar með þessum áhersluatriðum.

2. Félagsfundurinn 4. maí 2006, fundargerð og viðbrögð.

Guðný sagði stuttlega frá félagsfundinum sem haldinn var 4. maí 2006 og bar yfirskriftina *Framsetning rannsókna fyrir stefnumótendur og kennara*. Guðný lagði fram fundargerð ritara sem hefur verið send út til framsögumanna. Hún var samþykkt.

3. Starfið í vetur, næsti fundur

Á haustmánuðum mun starf FUM fyrst og fremst snúast um námskeiðahald og málstofur og er stefnt að því að taka það nánar fyrir á næsta FUM fundi.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá.

Fundi slitið 17:30.